



Judosamband Íslands

Íþróttamiðstöðinni Laugardal Engjavegi 6, 104 Reykjavík

2. fundur stjórnar. Starfsárið 2025-2026

Haldið í skrifstofu JSÍ Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal ásamt „Teams“

Þriðjudaginn 9. september 2025 kl. 20:00.

Mættir eru:

Gísli F. Egilson, formaður

Ægir Valsson, stjórnarmaður

Daníela Rut Daníelsdóttir

Eyjólfur Orri Sverrisson

Ásgeir Ásgeirsson, varamaður

Fjarverandi:

Björn Hjaltested Gunnarsson

Sigmundur Magnússon

Ásbjörn Blöndal, varamaður

Aleksandra Lis

Logi Haraldsson, Varamaður

Þormóður Árni Jónsson afreksstjóri JSÍ.

Gísli F. Egilson formaður setur fund og kynnir dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.

Fundargerð síðasta hafði verið send öllum stjórnarmönnum og varamönnum en engar athugasemdir bárust ritara. Fundargerð telst samþykkt og verður birt á heimasíðu JSÍ í framhaldinu.

2. Fjármál.

Gísli fór yfir almenna stöðu fjármála, en JSÍ hefur um 5,8 millj. á reikn en eftir stendur kostnaður vegna EYOF og smáþjóðaleika, vonir standa til að staða fjármála sé jákvæð í fyrsta sinn í langan tíma.

3. Þróunar og útbreiðsluverkefni

Umræða var um þörf að ráða inn þjálfara í útbreiðsluverkefni sem mætti einnig nýta í þróunarverkefni, en Gísli hefur sinnt málaflökki hingað til. Samtal hefur verið við aðila úti á landi og á höfuðborgarsvæðinu, en einnig er vinna í gangi með „Judo in school“, og er samtal við Reykjavíkurborg hafin. Málaflokkur er í stöðugri vinnslu.

4. Starfsmannamál.

Staða fjármála JSÍ er enn á þeim stað að ekki er raunhæft að bæta við launuðum stöðum. En eins og fram hefur komið er mestur hluti verkefni unninn í sjálfboðavinnu,



eins og t.a.m bókhald. Skýrslugerðir, fyrirspurnir, símtöl og fyrirspurnir eru tímafrek, og væri ákjósanlegt að fá aðstoð á skrifstofu, en það er mat stjórnar að það litla fjármagni sem sambandið hefur til umráða, sé betur varið í afreksstarfið.

5. Nefndir.

Formaður bar upp tillögu að eftirfarandi:

Menntanefnd yrði skipuð eftirfarandi:

- Björn Sigurðarson, Júðódeild Ármanns
- Hans Rúnar Snorrason, Júðódeild KA

„Judo in school“ nefnd yrði skipuð eftirfarandi:

- Jóhann Másson, JR
- Gísli F Egilson, JG

6. Önnur mál.

Framkvæmdarstjórn samþykkti tillögu tækniráðs um að veita ARA Einarssyni JRB leyfi til 3 KYU gráðunnar

7. Næsti fundur.

Áætlað er að hafa næsta fund eftir 2 vikur, þriðjudaginn 23. September kl 20:00, en Gísli mun boða fund formlega.

Fundi slitið um 21:10

Gísli F. Egilson formaður JSÍ þakkaði fundarmönnum fyrir fund.